

342. fundur Skólanefndar FS

27. september 2017



Mættir: Böðvar Jónsson formaður, Ísak Ernir Kristinsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Ólafur Þór Ólafsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Páll Orri Pálsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf annar.
 2. Stefnumörkun.
 3. Staða fjármála.
 4. Önnur mál.

1. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá því helsta varðandi upphaf annar og stöðunni í starfsmannamálum en erfiðlega hefur gengið að ráða verknámskennara. Skólinn fékk áfram styrk til að ráða verkefnisstjóra til að halda utan um nemendur í brotthvarfshættu. Nemendur í dagskóla eru um 970 en þar af eru nýnemar um 250. Einnig stunda um 100 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Skólameistari sagði einnig frá breytingum og viðhaldi á húsnaði. ISS hefur tekið við ræstingum og mótneyti er áfram rekið af skólanum.

2. Stefnumörkun.

Rætt um stefnumörkun skólanefndar. Formaður og skólameistari kynntu tillögu frá Róbert Ragnarssyni ráðgjafa um hvernig stefnumörkunarvinnunni gæti verið háttáð. Almennt rætt um verkefnið og kostnað við það. Skólameistara falið að skoða málid fram að næsta fundi skólanefndar.

3. Staða fjármála.

Skólameistari sagði frá fjárhagsstöðu en útlit er fyrir að þetta ár komi nokkurn veginn út á jöfnu. Miðað við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018 er ljóst að staða skólans verður þróng á næsta ári. Eins og staðan er núna er lítið svigrúm til að endurnýja búnað en launakostnaður er orðinn mjög hátt hlutfall af fjárfamlögum. Formaður lagði fram yfirlit frá Atóm um fjárfamlög til menntamála á Suðurnesjum miðað við aðra landshluta.

4. Önnur mál.

- a) Formaður lagði til að skólanefndarmenn fái þrjár fundareiningar fyrir fundarsetu en það er sambærilegt og í öðrum framhaldsskólum og þeir sem búa í öðru sveitarfélagi en Reykjanesbæ fái greitt fyrir akstur.
- b) Í komandi Alþingiskosningum verður kosið í skólanum í fyrsta sinn. Nemendafélagið stendur fyrir skuggakosningum meðal nemenda fyrir kosningarnar.

KJ

PP

FJÖL BRAUTASKÓLI SUÐURNESJA
Sunnubraut 36 • 230 Reykjanesbæ • Sími 421 3100 • Fax 421 3107 • www.fss.is

- c) Skólameistari sagði frá vinnu við þriggja ára rekstraráætlun sem gerð er árlega vegna fjárlagagerðar og ríkisáætlunar.
- d) Formaður nemendafélagsins sagði frá starfsemi félagsins. Foreldrafélag skólans gaf nemendum örbylgjuofn.


Fleira ekki gert og fundi slitið.



Þóðvar Jónsson
Böðvar Jónsson, formaður



Jóhann Friðrik Friðriksson



Gunnar Valdimarsson



Kristján Ásmundsson



Ísak Ernir Kristinsson
Ólafur Þór Ólafsson



Páll Orri Pálsson



Guðmann Kristþórsson
fundarritari